

Alþingi
Erindi nr. P 135/2923
komudagur 22.5.2008



HÁSKÓLI ÍSLANDS

TANNLÆKNADEILD

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

22 maí 2008

Efni:

Tannlæknadeild Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar.

Tannlæknadeild fagnar að markmiðið með þessu frumvarpi til laga, er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag ásamt því að stuðla að hámarksþægðum heilbrigðisþjónustu.

Athugasemdir tannlæknadeildar eru eftirtaldar:

3.gr. Undir lið 3 um heilbrigðisþjónustu, kemur ekki fram hvort tannlækningar teljist með, sérstaklega vegna þess að hingað til hefur tannlæknisþjónusta hérlendis verið fyrir utan hefðbundna heilbrigðisþjónustu og æskilegt væri að taka það fram og leggja áherslu á að tannlækningar féllu undir almenna heilbrigðisþjónustu


20.gr. Ekki er ljóst með þessari grein eins og hún er sett fram að breytingin á tannlæknaþjónustu sem sett var með reglugerð 576/2005 6. gr. sé enn í gildi. Í þessari 6.gr. var gert ráð fyrir því að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegra tannlækninga þegar líf eða heilsa sjúklings er í hættu vegna ástands í munni. Þessi reglugerðabreyting var gerð vegna nauðsynlegra tannlækninga t.d. á sjúklingum með blóðsjúkdóma, hjartasjúkdóma og fleiri tengdum tilfellum t.d. þegar sjúklingar í ónæmisbælandi meðferð eru með sýkingarhættu frá munnholi.

24.gr. Hér væri æskilegt að skilgreina hina miklu þörf á tannlækna- og tannfræðingsþjónustu fyrir langveika og sjúklinga með sérþarfir, á hinum mismunandi stigum hjúkrunarrýma

29.gr. Skilgreining á gjaldtöku á tannlæknaþjónustu ætti að fá umfjöllun í þessari grein

Í gögnum sem fylgja þessu frumvarpi er bent á breytingar sem hafa verið gerðar t.d. í Svíþjóð, Bretlandi og Nýja Sjálandi vegna samninga um heilbrigðisþjónustu. Ekki eru allir sérfræðingar jákvæðir varðandi breytingar sem hafa verið gerðar undanfarin ár í sambandi við aðskilnað “kaupenda og seljenda í heilbrigðisþjónustu”. Tannlæknadeild hefur enga pólitíska skoðun á fyrirhuguðum breytingum en vill, sem háskóladeild, fara í þetta mál meira frá vísindalegu og faglegu sjónarmiði. Þess vegna bendir tannlæknadeild, Heilbrigðisnefnd Alþingis á grein um þetta mál, til fróðleiks, í *British Medical Journal* 3.maí 2008, 336: bls979 “*Decision to split role of purchaser and provider may end up in the dustbin*” og grein eftir Professor Chris Ham frá *Health Services Management Centre* í Birmingham Háskóla í Bretlandi sem heitir: “*Health Care Commissioning in the International Context: Lessons from Experience and Evidence*” (www.hsmc.bham.ac.uk)

Virðingafyllst


Dr. Inga B. Árnadóttir tannlæknir
Forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands